

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 63/2003

frá 16. maí 2003

um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XXII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 37/2003 frá 14. mars 2003 ⁽¹⁾.
- 2) Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/590/EB frá 16. maí 2002 – Sjálfstæði löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu: Grundvallarreglur ⁽²⁾ skulu felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM SAMNINGSADILAR SKULU TAKA MIÐ AF*“ í XXII. viðauka við samninginn bætist eftirfarandi liður við á eftir 11. lið (tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2001/256/EB):

„12. **32002 H 0590:** Tilmæli framkvæmdastjórnarinnar 2002/590/EB frá 16. maí 2002 – Sjálfstæði löggiltra endurskoðenda í Evrópusambandinu: Grundvallarreglur (Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 22).“

2. gr.

Texti tilmæla 2002/590/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 137, 5.6.2003, bls. 44 og EES-viðbæti við Stjtið. ESB nr. 29, 5.6.2003, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 191, 19.7.2002, bls. 22.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 17. maí 2003 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 16. maí 2003.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

P. Westerlund

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.